

## **Dreifing, búsvæðaval og fæða helsingja Skagafirði vorið 2005**

*Þórdís Vilhelmina Bragadóttir og Arnþór Garðarsson. Líffræðistofnun Háskólans. thvb@hi.is*

Ár hvert flykkjast gæsir af vetrarstöðvum sínum í Evrópu norður á bóginn í átt til varpstöðvanna. Í mörgum tilfellum eru þetta langar vegalengdir sem fuglarnir þurfa að leggja að baki. Margar tegundir grípa því til þess ráðs að hvílast á leiðinni og fylla á orkubirgðirnar. Ísland er mikilvægur áfangastaður gæsa á leið norður til Grænlands og Kanada. Ein þessara tegunda er helsinginn (*Branta leucopsis*). Helsinginn dvelur hér í 3-4 vikur vor hvert aðallega í Húnavatnssýslum og Skagafirði, á leið sinni frá Bretlandseyjum til varpstöðvanna á Austur Grænlandi. Hvernig og hvort dreifing, búsvæðaval og fæða fuglanna breytist þann tíma sem þeir stansa hér var kannað með talningum í Skagafirði vorið 2005. Talið var þrisvar frá 20. apríl til 15. maí. Svæði sem fuglarnir nýttu voru merkt inn á kort í mælikvarðanum 1: 50000 og flatarmál þeirra mæld. Þéttleiki fugla á einstökum svæðum var breytilegur, eftir því hvenær talið var. Hlutfall svæða sem fuglarnir nýttu hélst svipað yfir tímabilið. Þeir héldu sig einkum í graslendi þar sem stór hluti tímans fór í fæðuöflun. Fæðurannsóknir fóru fram á tveimur svæðum þar sem saur var safnað til greiningar.